

Fundur 808, haldinn að Geysi, Haukadal í nývígðri „Glímustofu“.
2. fundur stjórnar, 2. ágúst 2012

Mætt voru Ólafur Oddur, Guðmundur, Ingibergur og Hugrún.

Stjórn skipti með sér verkum og Ólafur las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

- **Íslandsglíman og grunnskólamótið:** Ólafur sagði Íslandsglímuna og grunnskólamótið hafa gengið vel sem haldin voru á Ísafirði í apríl. Pétur Eypórsson sigraði í sjöunda sinn og Marín Laufey Davíðsdóttir sigraði örugglega í kvennaflokki og tryggði sér Freyjumenið í annað sinn.
- **Mótaskrá fyrir tímabilið 2012-2013** liggur fyrir og var hún samþykkt. Talað var um að seinka æfingabúðum í backhold og gouden sem áttu að eiga sér stað um miðjan september vegna smalamennsku hjá mörgum á þessum tíma.
- **Geysis safnið** var opnað 21. júní þar sem glímunni eru gerð góð skil. Hin glæsilegasta stofa í alla staði.
- **Unglingalandsmót UMFÍ** verður haldið um Verslunarmannahelgina á Selfossi. Glímukeppnin fer fram frá kl. 15-18 á laugardeginum, á Selfossvelli.
- **Starfsmaður:** Þar sem dregið hefur úr fjárframlögum til GLÍ til að halda skólakynningar um landið er ekki hægt að ætlast til þess að Glímusambandið haldi jafn margar skólakynningar líkt og áður. Ferðakostnaður hefur hækkað, uppihald og annað slíkt. Ólafur bar upp þá hugmynd að veita fjármagni til félaganna á landsbyggðinni sem sæi um kynningar í skólum á sínu svæði. Þannig fæst innspýting í glímustarfið á hverjum stað, bæði í formi fjármagns og fjölgunar iðkenda. Tekið var vel undir hugmynd Ólafs og vonandi að félögin um landið geri það einnig.
- **Önnur mál:** Ólafur og Pétur eru á leið til Sardiníu til að taka þátt í Sa-Strumpa 9. ágúst en þeim var boðin þátttaka á þessu alþjóðlega fangbraðamóti. Mikill undirbúningur er í gangi fyrir Evrópumeistaramótið sem haldið verður haldið í Reykjavík í apríl 2013. Ingibergur mun vera landsliðsþjálfari íslenska liðsins á mótinu. Ljóst er að afla þarf meiri styrkja til að umgjörð mótsins verði sem best. Fyrirhugað er að hafa samband við stjórnendur í Auði Capital um styrk til mótsins. Búið er að tala við Kristínu sem er yfir íþróttadeild RÚV um að gera fréttaskot og jafnvel þátt um mótið, en möguleiki væri einnig á því að t.d. nemendur við Kvikmyndaskóla Íslands myndu taka að sér gerð þáttar um mótið sem gæti þá verið tekinn til sýningar á RÚV.
- Næsti fundur var ákveðið að halda í byrjun september og fundi var þar með slitið.

Hugrún Geirsdóttir